

SIÐAREGLUR ÖLDU SJÓÐA HF.

Alda sjóðir hf. hefur sett siðareglur sem gilda um alla starfsemi félagsins, stjórnendur og starfsmenn. Reglunum er ætlað að vera leiðarljós við framkvæmd daglegra starfa og viðhalda og styrkja orðspor og trúverðugleika félagsins. Siðareglunum er ekki ætlað að vera tæmandi talning heldur setja viðmið sem starfsmenn og stjórnendur temja sér og í anda reglnanna beita eigin dómgreind þegar álitafni rísa. Með sama hætti þekkja og ræða siðferðileg álitamál sem varða starfsemi félagsins.

1. FAGMENNSKA OG HEIÐARLEIKI

Við erum heiðarleg og fagleg í samskiptum við viðskiptavinum, samstarfsmenn og aðra hagsmuna aðila.

Við temjum okkur heiðarleika, sanngirni, hófsemd og ráðvendi.

Við hlustum á viðskiptavinum okkar og höfum hagsmunum þeirra að leiðarljósi við úrlausn viðfangsefna.

Við störfum af heilindum og stöndum við orð okkar.

Við kynnum okkur þær reglur sem gilda um starfsemi félagsins og förum eftir þeim.

2. HAGSMUNAÁREKSTRAR

Við setjum okkur reglur um hagsmunaárekstra og störfum samkvæmt þeim. Við upplýsum yfirmenn okkar um það sem kann að valda hagsmunaárekstrum og beitum okkur af heilindum til þess að átta okkur á mögulegum hagsmunaárekstrum og hvernig megi fyrirbyggja þá. Við þiggjum ekki eða bjóðum gjafir eða umbun sem er til þess fallinn að hafa áhrif á sjálfstæði eða hlutleysi viðkomandi og samrýmist ekki reglum.

3. TRÚNAÐUR

Við virðum þagnarskyldu um allt það sem virð fáum vitneskju um í starfi um hagi viðskiptavina og annað sem leynt á að fara. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum.

4. UPPLÝSINGAGJÖF

Við veitum viðskiptavinum okkar áreiðanlegar upplýsingar. Við vitum að það er okkar að efla orðspor félagsins og trúverðurleika. Við teljum að það verði best gert með því að fylgja reglum sem gilda um störf okkar og starfa að heilindum í þágu viðskiptavina okkar.